

1. fundur 2013 haldinn að Breiðabliki 16.janúar

Mættir: Guðbjartur Gunnarsson, Hrefna Birkisdóttir, Halldór Jónsson, Sigurður Hreinsson og Pröstur Aðalbjarnarson

1. mál

Bréf Skipulagsstofnunar

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 20.des. 2012 þar sem óskað er umsagnar hreppsins um tilkynningu um mat á umhverfisáhrifum vegna Múlavirkjunar með afl upp á 3,2 MW. Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps tók erindið fyrir á fundi 16.jan. 2013 en ekki var hægt að funda fyrr vegna anna og forfalla m.a. oddvita en óskað hafði verið eftir fresti hjá Skipulagsstofnun til að svara erindinu.

1. Ekki hefur farið fram heildstætt mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar eins og henni hefur verið breytt. Hefur afl virkjunarinnar verið aukið úr 1.900 KW í 3,2 megawött. Þá er inntaksstífla staðsett á öðrum stað en skipulag gerir ráð fyrir og hönnun hennar ekki í samræmi við forskrift þar um. Hefur þetta áhrif á uppistöðulón og samspil þess og Baulárvallavatns, en svo virðist sem vatnið og lónið verði samtengt á tíðum verði fallist á breytinguna eikum vegna fyrirætlana virkjunaraðila um að nota Baulárvallavatn sem vatnsmiðlun.

Nauðsynlegt er því, að mati sveitarstjórnar, að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Í slíku mati þarf að skoða alla þætti sem virkjunin geta haft áhrif á m.t.t. breyttra forsendna þ.m.t. áhrif á fugla, urriða í vötnum og áhrif á laxagengd í Straumfjarðará. Fyrirliggjandi skýrslur um umhverfisáhrif á fiska og fugla staðfesta ekki að virkjunin svo breytt muni ekki hafa neikvæð áhrif til framtíðar. Þau jákvæðu áhrif sem núverandi virkjun virðist hafa haft á einhverja þætti kunna að vera tímabundin. Rannsaka þarf málið vel.

2. Skipulagsstofnun gerði í september árið 2005 athugasemd við að vatnsstaða væri samfelld frá inntaksstíflu við Baulárvallavatn að vatninu. Það væri hvorki í samræmi við gildandi skipulag né fyrirkomulag virkjunarinnar sem kynnt var og var m.a. forsenda þess á sínum tíma að ekki var gerð krafa um umhverfismat vegna virkjunarinnar. Lögð er áhersla á að Múlavirkjun hefur ekki skipulagslega heimild til að nota Baulárvallavatn til vatnsmiðlunar og hefur ekki sótt um það. Það væri grundvallarbreyting að heimila slíkt. Slík breyting myndi snerta nágrannasveitarfélögin, Helgafellssveit og Snæfellsbæ, sem ná að Baulárvallavatni. Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að kynna málið fyrir þeim, leita sjónarmiða þeirra og nauðsynlegs samstarfs og samþykkis.

3. Auk framangreinds er ljóst að eigandi virkjunarinnar þarf að láta vinna nýtt deiliskipulag af svæðinu vegna breytts afsl virkjunarinnar og staðsetningar stíflu. Slíkt skipulag kann að þurfa taka til stærra svæðis. Komi slík tillaga fram verður hún tekin til skoðunar af sveitarfélaginu en

Þangað til er það krafa hreppsnefndarinnar að rekstur Múlavirkjunar sé að fullu í samræmi við skipulag og að virkjunarleyfi vegna hennar taki mið af gildandi skipulagi.

2. Húsa- og mannvirkjakönnun

Könnunin hefur verið unnin af Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt. Skýrslan lögð fram til kynningar.

3. mál

Fundargerð fræðslu- og skólanefndar lögð fram til kynningar.

4. mál

Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar lögð fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

5. mál

Gjaldskrá fyrir sorphreinsun og seyrulosun.

Samþykkt að setja gjaldskrá.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald 40.000 kr á ári miðað við 2 tonnur á hvert hús.

Seyrulosunargjald árlegt 8.000 kr á rotþró.

Gjaldið hækkar árlega miðað við vísitölu neysliverðs í janúar 2013.

6. mál

Ýmis mál

Lagt fram bréf frá Ásgeiri Þór Árnasyni hrl. er varðar makaskipti á landi milli Mels í Snæfellsbæ og Hofsstaða í Eyja- og Miklaholtshreppi. Farið er fram á að hreppurinn gefi út landnúmer á spildu úr landi Hofsstaða. Það samþykkt.

Ákveðið að halda „sveitateiti“ á vordögum.

Halldóri falið að finna myndir til að hengja upp á veggum að Breiðabliki.

Fundargerð lesin og samþykkt.